



## Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflökks Íslands mánudaginn 27. janúar 2020 í Hlutverkasetri, Borgartúni 1, kl. 19:00.

Mætt voru: Arna Þórdís Árnadóttir, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Viggó K. Jóhannsson, Gunnar Smári Egilsson og Sigrún E. Unnsteinsdóttir. Katrín Baldursdóttir var með gegnum fjarfundabúnað.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin telst samþykkt.

### 2. Hagsmunahópar, hvernig gekk fyrri hlutinn: Verkó, Ungir, SF. Hvernig gengur undirbúningur seinni hlutans: Meistaradeild, Öryrkjar, Innflytjendur

Mörg ný andlit birtust á fundi Ungra Sósíalista á miðvikudagskvöld og góðar umræður sköpuðust. Fram komu efasemdir um að Facebook væri rétti miðillinn til að ná til ungs fólks. Eftirspurn var eftir bæklingi um sósíalisma og okkar nálgun að honum. Annar fundur er fyrirhugaður eftir viku.

Fundur Sósíalískra femínista fór einnig fram, skipaðir voru fundarstjóri, ritari og talsmaður og fleiri fundir eru fyrirhugaðir.

Fundur Verkalýðsráðs fór líka fram og gekk vel.

Undirbúningur seinni hlutans er í ágætum farvegi.

### 3. Maskínan, áróður og útbreiðsla

Ýmsa þætti er verið að skoða.

### 4. Skuggaráðuneyti, mönnun

Stefnt er að því að stofna um 20 skuggaráðuneyti sem fái umboð sitt frá Sósíalistapingi.

### 5. Fjölgun félaga, úthringikvöld, breytingar á skráningu o.fl.

6. Önnur verkefni framkvæmdastjórnar fram að Sósíalistaþingi: Breytingar á skipulagi og lögum, Maístjarnan o.fl.

7. Leigjendasamtökin, FEB og önnur hagsmunabarátta „okkar“ hópa

8. Maístjarnan

Gera þarf stofnsamþykkt og senda á félagsmenn.

9. Fjármál, m.a. hlutfall greiðandi félaga

Staða á reikningum. Flokkurinn: 1.258.624 kr., Maístjarnan: 2.371.048 kr.  
Frá síðasta þingi hafa 423 flokksmenn greitt.

10. Önnur mál

Engin önnur mál.